

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/42

frá 6. júní 2003

**um breytingu á ákvörðun 96/603/EB um samantekt skrár yfir vörur sem falla undir flokk A „Stuðlar ekki að útbreiðslu elds“ sem kveðið er á um í ákvörðun 94/611/EB um framkvæmd 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur (\*)**

(tilkynnt með númeri C(2003) 1673)

(2003/424/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingavara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna <sup>(3)</sup>, einkum 1. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 2000/605/EB <sup>(5)</sup>, er tekin saman skrá yfir vörur sem falla undir flokk A „Stuðlar ekki að útbreiðslu elds“ sem kveðið er á um í töflu 1 og 2 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB <sup>(6)</sup>, en í henni er lýst evrópska flokkunarkerfinu sem er notað til að flokka byggingavörur eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna.
- 2) Í stað ákvörðunar 94/611/EB er komin ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB.
- 3) Laga ber athugasemdirnar við „Steinlím með ólífrænum bindiefnum“, í töflunni sem er sett fram í viðaukanum við ákvörðun 96/603/EB, að tækniframförum.
- 4) Breyta ber ákvörðun 96/603/EB til samræmis við það.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í töflunni, sem er sett fram í viðaukanum við ákvörðun 96/603/EB, komi „Steinlím til múrhúðunar/gifsunar, steinlím til gólfafréttingar og múrsteinslím að stofni til úr einu eða fleiri ólífrænum bindiefnum, t.d. sementi, kalki, múrsementi og gífsi“ í stað „Steinlím til múrhúðunar/gifsunar og steinlím til gólfafréttingar að stofni til úr einu eða fleiri ólífrænum bindiefnum, t.d. sementi, kalki, múrsementi og gífsi“ sem athugasemdir við liðinn „Steinlím með ólífrænum bindiefnum“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júní 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 12.6.2003, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 12.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 50, 23.2.2000, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 267, 19.10.1996, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 258, 12.10.2000, bls. 36.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 241, 19.9.1994, bls. 25.